Náttúrufræðistofnun

Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 AKRANESI

Garðabær, 1. október 2026
Málsnúmer: 202609-0023
MH

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032, Melahverfi S13, vinnslutillaga

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 11. september 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020–2032 vegna samfélagsþjónustureits S13 í Melahverfi. Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir tillöguna og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Breytingin felur í sér að samfélagsþjónustureitur S13 stækkar úr 0,6 ha í 0,8 ha og aðliggjandi skógræktar- og landgræðslusvæði SL18 minnkar að sama skapi. Markmiðið er að laga afmörkun reitsins að fyrirhugaðri uppbyggingu leikskólans Skýjaborgar við Innrimel 7, þar á meðal leikskólalóð, aðkomu og bílastæðum.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingarinnar þann 12. ágúst 2026. Þar var bent á að gæta þyrfti að því að lúpína dreifðist ekki við flutning jarðvegs af svæðinu og að æskilegt væri að framkvæmdir færu fram utan varptíma til að hlífa fuglalífi. Stofnunin ítrekar þessar ábendingar og telur að gera þurfi grein fyrir því í skipulagsgögnum hvernig þeim verði fylgt eftir, meðal annars með viðeigandi skilmálum í deiliskipulagi.

Náttúrufræðistofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við vinnslutillöguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
Líffræðingur

Smiðjuvöllum 28 | 300 Akranesi
natt.is | Sími 430 9000